

TDK Foil Iceland ehf.
Krossanesi 4
603 Akureyri

Akureyri, 4.12.2023
UST202301-123/G.S.Á.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23.11.2023 – TDK Foil Iceland, Akureyri

Þann 23. október sl. fór fram eftirlit í aflþynnuverksmiðju TDK Foil Iceland, Krossanesi, Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðila er bent á að setja á áberandi stað í vinnslurýmum, viðbragðsskema við óhöppum og slysum í samræmi við viðbragðsáætlun, þar sem starfsmenn geta með auðveldum hætti nálgast upplýsingarnar.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Skila skal útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Fullnægjandi gögn bárust eftirlitsaðila að loknum skilafresti, eða þann 23. maí sl. **Frávikinu er lokið.**
2. **Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Drög af Grænu bókhaldi bárust eftirlitsaðila þann 29. apríl sl. en fullnægjandi gögn bárust að loknum skilafresti, eða þann 23. maí sl. **Frávikinu er lokið.**
3. **Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal tilkynna öll óhöpp og slys sem valdið gætu losun mengandi efna í umhverfið skv. viðbragðsáætlun. Bruni varð í vinnslusal verksmiðjunnar í desember 2022 sem ekki var tilkynnt um fyrr en eftirlitsaðili innti eftir upplýsingum um alvarleika málsins. **Frávikinu er lokið.**

Brugðist hefur verið við öllum frávikunum og þeim lokað með fullnægjandi hætti og því verður ekki um neina frekari eftirfylgni frá Umhverfisstofnun að ræða hvað þau varðar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur